

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 545/2013

2014/EES/4/41

frá 14. júní 2013

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar bragðefnið 3-asetýl-2,5-dímetýlþíófen (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum⁽²⁾, einkum 6. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012⁽³⁾ var samþykkuð listi yfir bragðefni og var sá listi færður inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 2) Þann lista má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1331/2008, annað hvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 3) Bragðefnið 3-asetýl-2,5-dímetýlþíófen (FL-númer 15.024) er á listanum sem bragðefni sem verið er að meta og leggja þarf fram frekari vísindagögn um. Umsækjandinn hefur lagt fram slík gögn.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu hefur lagt mat á framlögð gögn og komst að þeirri niðurstöðu 15. maí 2013 að 3-asetýl-2,5-dímetýlþíófen sé stökkbreytandi bæði í glasi og í lífi og því teljist notkun þess sem bragðefnis vera öryggisvandi⁽⁴⁾.
- 5) Þar af leiðandi uppfyllir notkun á 3-asetýl-2,5-dímetýlþíófeni ekki almenn skilyrði fyrir notkun bragðefna sem sett eru fram í a-lið 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008. Af þeim sökum skal fjarlægja þetta efni af listanum án tafar til að vernda heilbrigði manna.
- 6) Framkvæmdastjórnin skal beita flýtimeðferð til að fjarlægja efni, sem skapa öryggisvanda, af lista Sambandsins.
- 7) Samkvæmt 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 má setja bragðefni, sem ekki eru í skrá Sambandsins, á markað sem slík og nota í eða á matvæli fram til 22. október 2014. Það umbreytingartímabil skal ekki gilda um 3-asetýl-2,5-dímetýlþíófen.
- 8) Vegna mjög lítillar notkunar og vegna þess að litlu heildarmagni af 3-asetýl-2,5-dímetýlþíófeni hefur verið bætt í matvæli í Evrópusambandinu á hverju ári skapar tilvist efnisins í matvælum ekki brýnan öryggisvanda. Því skal, einnig að teknu tilliti til tæknilegra og hagrænna ástæðna, mæla fyrir um umbreytingartímabil sem gilda fyrir matvæli sem innihalda bragðefnið 3-asetýl-2,5-dímetýlþíófen, sem hafa verið sett á markað eða send frá þriðju löndum til Sambandsins áður en þessi reglugerð tók gildi.
- 9) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Setning 3-asetýl-2,5-dímetýlþíófens á markað sem bragðefnis og notkun efnisins í eða á matvæli skal bönnuð.

2. Setning matvæla, sem innihalda bragðefnið 3-asetýl-2,5-dímetýlþíófen, á markað skal bönnuð.

3. Innflutningur á 3-asetýl-2,5-dímetýlþíófeni sem bragðefni og innflutningur á matvælum, sem innihalda bragðefnið 3-asetýl-2,5-dímetýlþíófen, skal bannaður.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 163, 15.6.2013, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 222/2013 frá 13. desember 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1.

⁽⁴⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(5), 3227.

3. gr.

1. Þrátt fyrir 2. mgr. 2. gr. skal áfram leyfa sölu á matvælum, sem innihalda bragðefnið 3-asetýl-2,5-dímetylþíófen og voru sett löglega á markað áður en þessi reglugerð gekk í gildi, fram að síðasta notkunardegi þeirra eða dagsetningu lágmarksgeymsluþols.

2. Ákvæði 2. gr. gilda ekki um sendingar af matvælum sem innihalda bragðefnið 3-asetýl-2,5-dímetylþíófen ef innflytj-

andi slíkra matvæla getur sýnt fram á að þau hafi verið send frá viðkomandi þriðja landi og hafi verið á leið til Sambandsins áður en þessi reglugerð gekk í gildi.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 falli eftirfarandi færsla fyrir FL 15.024 brott:

„15.024	3-asetýl-2,5-dímetylþíófen	2530-10-1	1051	11603			2	Matvælaöryggisstofnun Evrópu“
---------	----------------------------	-----------	------	-------	--	--	---	-------------------------------